

## Eggert Hauksson



*Eggert Hauksson er fæddur í Reykjavík árið 1942. Hann ólst þar upp, en varði 13 sumrum, oftast frá sauðburði til loka haustanna, á Haukgili í Vatnsdal, fæðingarbæ föður hans. Eggert er stúdent frá MR 1963 og viðskiptafræðingur frá HÍ 1969. Hann starfaði lengst af sem framkvæmdastjóri og síðar stjórnarformaður Plastprents h/f, því næst framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Pípugerðarinnar h/f og lauk formlegum starfsferli sínum sem forstjóri Áburðarverkmiðjunnar í Gufunesi. Hann átti um tíma sæti í stjórnnum Félags Íslenzkra iðnrekenda og Verzlunarráðs Íslands.*

## Afmælisveisla í Múlakoti 1963

Móðir mín, Lára Böðvarsdóttir frá Laugarvatni (1913-2010), varð fimmtug sunnudaginn 25. ágúst 1963. Það kom ekkert á óvart, heldur hvar og hvernig hún hélt upp á daginn. Eiginmaður hennar og faðir minn, Haukur Eggertsson frá Haukgili í Vatnsdal (1913-2006), átti framundan samskonar stórafmæli þann 8. nóvember sama ár, og höfðu þau ákveðið að efna þá til hefðbundinnar stórveislu með vinum og vandamönnum. En hvað var þá til ráða á þessum afmælisdegi móður minnar, svo að sómi væri af?

Hún ákvað að vera „að heiman“ og verja helginni austur í Múlakoti í Fljótshlíð, sem var á þessum tíma kunnur veitinga- og gististaður. Með sér þangað tók hún eiginmann sinn og okkur bræðurna, Böðvar Lárus (1946-1987) og mig. Ágústa, systir mín, var af einhverjum

ástæðum vant við látin. Við lögðum af stað austur um hádegisbilið á laugardeginum og tókum á okkur góðan krók upp í Hrunamannahreppinn. Þar áðum við í grænni lautu og gæddum okkur á kakódrykk og sætabrauði sem tekið hafði verið meðferðis.

Þegar hallaði að kvöldi héldum við austur yfir Þjórsá og þræddum Fljótshlíðina, uns við komum að Múlakoti, þangað sem ferðinni var heitið. Við ókum heim að bænum og veglegum trjálundinum sem við hann stendur. Ágústkvöldið var kyrrt, hlýtt og fagurt eins og best gat verið á kosið.

Ábúendur í Múlakoti og gestgjafar þar voru Ólafur Túbals (1897-1964), en hann átti þá aðeins hálft ár ólifað, og eiginkona hans, Lára Eyjólfsdóttir (1902-1984) Guðbjörg Þorleifsdóttir (1870-1958), móðir Ólafs, var látin fyrir 5 árum. Góður vinskapur hafði ríkt á milli móðurforeldra minna á Laugarvatni, Ingunnar Eyjólfsdóttur og Böðvars Magnússonar, og hjónanna í Múlakoti. Höfðu móðir mín og systkini hennar tekið þá vináttu í arf. Ólafur, sem vissi hvað til stóð, fagnaði okkur vel, þegar við komum. Inni beið kvöldverður og gisting í tvær nætur. Við bræður gistum í snyrtilegu herbergi á efri hæð. Út um gluggann blasti við silfurblár Eyjafjallajökull og söguvið Njálu.

Sunnudagurinn, afmælisdagur móður minnar, rann upp, bjartur og fagur. Yfir landi skein sól á sumarvegi og á hólmann, þar sem Gunnar sneri aftur. Við fórum seint á fætur þennan dag, Eftir morgunverðinn sýndi Ólafur okkur húsakynnin og vinnustofu sína. Hann tók fram myndir og dvaldist okkur við að skoða þær. Ég fletti vatnslitamyndunum fram og til baka, og staldraði alltaf við þá sömu. Ég spurði Ólaf hvert hann hefði sótt myndefnið og ákvað með sjálfum mér að skoða þann stað nánar.

Um hádegisbilið hélt afmælisbarnið og fylgdarlið í rannsóknarleiðangur í Bleiksárgljúfur í landi Barkastaða, skammt austan við Múlakot. Við fórum eftir slóða upp á brún múlans, þar sem gljúfrið hefst. Þaðan er ægifögur sýn niður gilið og yfir á Eyjafjallajökul. Af þeim sama stað horfði Ólafur Túbals, þegar hann málaði vatnslitamyndina sem ég heillaðist svo af heima í Múlakoti fyrr um daginn.

Í gljúfrinu er hvammur og í honum miðjum stendur stór steinn. Á gilbarminum, ofan og handan við steininn, stendur hávaxin og neðanber birkihrísla. Ég brölti ofan í hvamminn og uppá steininn. Þar tók faðir minn ljósmynd af mér. Þar sem ég stóð á bjarginu í Bleiksárgljúfrinu, ákvað ég að eignast vatnslitamynd Túbals af þessum sama stað. Það varð einnig raunin. Fáar myndir í minni eigu hefur mér þótt jafn vænt um og þessa; hún er fyrsta málverkið sem ég keypti fyrir eigið aflafé.



Um kvöldið var slegið upp afmælisveislu í Múlakoti. Það var fámennt en góðmennt. Við lékum á als oddi. Ólafur Túbals leysti móður mína út með olíumálverki af konu sem stendur við þvott bak við bæinn í Múlakoti. Sú mynd er nú í mínum fórum.



Árið 2000, eða 37 árum síðar, eignuðust vinir mínir og skólafélagar úr MR, Sigríður Hjartar og Stefán Guðbergsson, frændi minn, Múlakot. Af því tilefni rifjaði ég upp við þau afmælisdaginn góða, sem þar var haldið uppá 25. ágúst 1963 - og ef gestabók frá þeim tíma væri enn vís, hlytu nöfn foreldra minna og okkar bræðra að finnast í henni. Það stóð heima! Ég er móður minni þakklátur fyrir það minnisstæða uppátæki hennar, að halda uppá stórafmæli sitt á þessum framandi og heillandi stað. Og einnig tek ég ofan fyrir þeim, sem í dag sitja staðinn, fyrir að hafa reist við merki hans og lagt eftirtektarverða rækt við arfleidd þeirra sem gerðu garðinn í Múlakoti frægan.